

1. Almennt

Nesvegur 5 ehf. (kt. 510416-0230), Hellnafelli 6, 350 Grundarfirði, sótti um nýtt rekstrarleyfi vegna landeldis á 45 tonnum af regnbogasilung í seiðaeldi að eldisstöð sinni að Ásmundarnesi, Bjarnarfirði á Ströndum, þann 1. apríl 2022.

Fiskeldisstöð Nesvegs 5 ehf. að Ásmundarnesi er staðsett á landi með frárennsli um fiskigildru og þaðan út í settjörn, þaðan rennur frárennslið út í Bjarnarfjörð. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að í öllum körum eru ristar til að hindra að fiskur geti strokið og þar að auki fer allt frárennsli stöðvarinnar um fiskigildru áður en það rennur í settjörn. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í körum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttakin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 8. desember 2022 til 5. janúar 2023 og engin athugasemd barst vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmd Nesvegs 5 ehf. að Ásmundarnesi var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 17. desember 2021. Í svari frá Skipulagsstofnun 23. febrúar 2022 er bent á að samkvæmt 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana er getið um að þauleldi á fiski þar sem hámarkslífmassi er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem hámarkslífmassi er 20 tonn eða meiri og fráveita er í ferskvatn skuli tilkynna til Skipulagsstofnunar. Þar sem að umrædd framkvæmd er 45 tonn með frárennsli til sjávar er hún ekki tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar en er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldi Nesvegs 5 ehf., eldistegund eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, svari Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Nesvegs 5 ehf. að Ásmundarnesi sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og Kaldrananeshreppi þann 29. apríl 2022.

Hafrannsóknastofnun veitti umsögn þann 20. maí 2022 og gerði engar frekari athugasemdir, en benti á að gæta vel að hreinsun frárennslis stöðvarinnar með viðeigandi síustærð/grófleika til þess að draga úr mengun sem berst í viðtakann.

Kaldrananeshreppur veitti umsögn þann 11. maí 2022 og gerði engar frekari athugasemdir.

Umsögn barst ekki frá Fiskistofu.

4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Nesvegs 5 ehf. að Ásmundarnesi í Bjarnarfirði á Ströndum. Rekstrarleyfið heimilar 45 tonna hámarkslífmassa á regnbogasilung til seiðaeldis að eldisstöðinni að Ásmundarnesi í Bjarnarfirði á Ströndum.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Matvælastofnun afhendir jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 4. apríl 2039.

Neskaupstaður, 4. apríl 2023